

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs  
Þórhallur Þorsteinsson  
Ártröð 9  
700 Egilsstaðir

2006040015  
7620; 9310

Reykjavík, 2. júní 2006  
/--

### **Efni: Sigurðarskáli í Kverkfjöllum, Fljótsdalshéraði. Ákvörðun um matskyldu.**

Vísað er til erindis Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðafélags Húsavíkur dags. 5. apríl 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhugaðar framkvæmdir við Sigurðarskála, í Kverkfjöllum. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna að Sigurðarskáli í Kverkfjöllum falli undir skilgreiningu svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands sem hálandismiðstöð. Framkvæmdin sé þar með breyting eða viðbætur við þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn á hálandi og sé því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og tölulið 13a, sbr. tölulið 12d, í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, Ferðamálastofu og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 24. maí 2006, Ferðamálastofu með bréfi dags. 24. apríl, móttakið 22. maí, 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. maí 2006.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fyrirhugað er að reisa gestastofu og tvö til þrjú lítil gistihús við Sigurðarskála í Kverkfjöllum á næstu árum, en á deiliskipulagi er gert ráð fyrir fleiri byggingum sem ekki eru á framkvæmdaáætlun í fyrirsjáanlegri framtíð.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á fjölgun ferðamanna eða starfsemi í Sigurðarskála.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi og að fyrir liggi jákvæð umsögn samvinnunefndar um miðhálandið, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Fornleifaverndar ríkisins sem og skriflegt leyfi landeigenda.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fljótsdalshérað, Ferðamálastofa og Umhverfisstofnun telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Fljótsdalshérað bendir á að með tilliti til lítils umfangs framkvæmda og umsagnar samvinnunefndar miðhálandis, um að samþykkt deiliskipulagstillaga fyrir Sigurðarskála geti samræmst stefnu svæðisskipulags miðhálandis og rúmist innan skilgreiningar fyrir skálasvæði, sé það álit skipulags- og byggingarnefndar að framkvæmdir við Sigurðarskála skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á náttúrufar.** Umhverfisstofnun bendir á að umfang breytinganna sé ekki þess eðlis að þær muni skerða verndargildi þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá eða hafi í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif. Vísað er til þess að Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki athugasemdir við þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir skv. deiliskipulagstillögu, sbr. fylgiskjal með tilkynningu um framkvæmdina. Stofnunin telur mikilvægt að byggingum verði þannig fyrir komið að hægt verði að fjarlægja þær af staðnum án mikils rasks og vakin er athygli á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er skylt að leita umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdir þar sem hætta er á að svæðum á náttúruminjaskrá verði spillt.

**Áhrif á ferðaþjónustu.** Ferðamálastofa bendir á að framkvæmdaraðilar þurfi að hafa í huga að fjölgun ferðafólks á svæðinu geti haft áhrif á upplifun þeirra sem sækjast eftir fámenni í lítt snortinni náttúru, eins gæti aukin uppbygging bent til að á svæðinu væri umtalsverð meiri þjónusta og eftirlit en í raun er, sérstaklega á jaðartímum. Aukin uppbygging gæti vakið meiri athygli á svæðinu og þar sem ferðafólk sé farið að ferðast og skipuleggja sínar ferðir í meira mæli sjálft sé alltaf hætt við að fólk átti sig ekki á síbreytilegum veðuraðstæðum á hálandinu. Það ætti því að liggja fyrir, samhliða uppbyggingunni og væntanlega meiri kynningu, hver ber ábyrgð á aðstöðu og aðgengi að svæðinu og upplýsingum um t.d lokun húsa og vega.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu sem felur í sér að byggð verður gestastofa og tvö til þrjú lítil gistihús við Sigurðarskála í Kverkfjöllum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tölulið 13a, sbr. tölulið 12d, í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við Sigurðarskála í Kverkfjöllum á núverandi landnotkun, náttúrufar og ferðaþjónustu verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðafélags Húsavíkur við tilkynningu og umsagnir sem kynntar voru Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á

þjónustumiðstöðinni, Sigurðarskála, í Kverkfjöllum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar leyfi Fljótsdalshéraðs skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. júlí 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Fljótsdalshérað, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, samvinnunefnd miðhálandis og Umhverfisstofnun